




































## Tímatafla - Undirheimar


Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
<b>5. og 6. b klúbbur</b>  Lóa og aðrir  Glerárskóli  14:30 – 16:00  Lokað - Tímabundið Byrjar 5. okt (Lokaslútt 30.11)	<b>Félagsmálafræði</b>  Linda  Síðuskóli  13:05-14:25  Lokað	<b>*MiðHús</b>  Linda og Bjarki  Síðuskóli  17:00 – 18:30  Opið - Fjórði miðvikudagur í mánuði	<b>Tóti</b>  Ingó og Alexander  Glerárskóli  16:30 – 18:30  Lokað	<b>SSL klúbbur</b>  Konni og Tinna  Rósenborg  15:00-17:00  Opið
<b>KK og KVK klúbbur</b>  Linda og Bjarki  Síðuskóli  19:30 – 21:30  Opið	<b>7. b klúbbur</b>  Lóa og Hlynur  Síðuskóli  15:00-16:30  Lokað - Tímabundið Byrjar 08.09, 1x í viku í 7 vikur (Lokaslútt 20.10)	<b>Opið hús</b>  Linda og Bjarki  Síðuskóli  19:30 – 21:30  Opið		

MiðHús er opið hús fyrir 5. 6. og 7. Bekk. Miðhús er 1x í mánuði í hverjum skóla.

### Tákn:



- Starfsmaður/Starfsmenn  - Staðsetning  - Tími  Opið = Opið starf

 Lokað = Námsráðgjafar í samráði við kennara velja inn nemendur sem þurfa á aukinni virkni að halda

Upplýsingar um starfsmenn

**Linda Björk Pálsdóttir** er reynsluboltinn í hópnum. Hún hefur starfað í félagsmiðstöðvunum síðan snemma á 20.öld og því enginn nemendanna fæddur þegar Linda var farin að slá upp leikjum, hópefli og fræðslu. Á veturna flytur Linda upp í fjall og sefur í skíðaklossum því hvað er betra en að vakna upp með kalt fjallaloftið og skíði á fótum til að renna sér! Inn á milli fer hún þó í farfuglagirinn og ferðast heimshorna á milli. Netfang: [lindabjork@akureyri.is](mailto:lindabjork@akureyri.is)

**Bjarki Rafn Magnússon** er splúnkunýr starfsmaður í Undirheimum og hægri hönd Lindu enda var hann liðtækur í handbolta á yngri árum. Bjarki kemur allaleið úr Kópavogi í vinnuna, en ákvað að best væri að nota tímann betur á Akureyri og skellir sér í líftækni í HA á milli vakta í félagsmiðstöðinni.

**Ólafía Kristín Guðmundsdóttir**, sem alltaf er kölluð Lóa er sú nýja í hópnum. Lóa hefur átt heima í þremur borgum, á bráðum þrjú börn og er þetta þriðja starfið hennar eftir að hún útskrifaðist úr HÍ. Lóa er ljóska, ljúf, stundum löt en aldrei leiðinleg! Hún sinnir krökkum á miðstigi í alls konar klúbbum og finnst það alveg ógeðslega gaman! Netfang: [olafiag@akureyri.is](mailto:olafiag@akureyri.is)

Síminn á skrifstofunni er 460-1231

## **OPIÐ STARF**

### **MiðHús**

MiðHús er opið hús fyrir alla í 5. 6. og 7. bekk og er 1x í mánuði í hverjum skóla fyrir sig = 4 opnanir í mánuði.

### **Kvöldopnanir fyrir 8.-10. bekk**

Á mánudögum er opnun í Giljaskóla, á þriðjudögum í Oddeyrarskóla, á miðvikudögum í Síðuskóla og á fimmtudögum í Glerárskóla. Allar opnanirnar eru frá kl. 19:30-21:30. Unglingarnir sem eru í félagsmálafræðivalinu útbúa dagskrá sem er gefin út, þetta eru viðburðir eins og kappát, spurningakeppni, spilakvöld og þess háttar.

### **Stelpu- og strákaklúbbur**

Blanda af umræðum og skemmtun og er opið öllum sem vilja í 8.-10. bekk. Í þorpinu er hópunum skipt eftir skólum og er 1x í viku. Dæmi um viðburði er umræða um staðalímyndir, kynlíf, vináttu, bakstur og júdó. Markmiðið er að efla sjálfsmynd unglिंगana og auka tómsundameðvitund þeirra.

### **SSL klúbbur fyrir 8. - 10. bekk**

Klúbburinn er opin öllum nemendum á grunnskólastigi sem eru í 8.-10. bekk og verður þrískiptur. Í byrjun vetrar verður rapp skoðað, textagerð, taktar og saga. Í öðrum hluta verður farið að skoða graffiti, bæði prófa á veggjum í Rósenborg og sagan einnig skoðuð, hvað er list og hvað er krot. Í þriðja hluta verður farið á hjólabretti og parkour.

## **LOKAÐIR HÓPAR**

### **Tótahópar:**

Einstaklingarnir eiga það sameiginlegt að tölvunotkun þeirra hefur áhrif á daglegt líf þeirra eins og til dæmis á önnur áhugamál og félagsleg samskipti. Það er hist vikulega. Unnið er með tómsundameðvitund og virka þátttöku. Hópurinn fær kynningu á ýmsum tómsundatilboðum og fær að reyna sig við ýmsar tómsundir. Unnið með viðhorf og líðan. Í boði er fræðsla fyrir þátttakendur og foreldra. Foreldrar þurfa að undirrita leyfi fyrir þátttöku barna sinna og stuðningur foreldra við þátttöku barnsins er mjög mikilvægur. Hópurinn byrjar í október.

### **Dúddi:**

Verkefnið er samstarfsverkefni grunnskóla og framhaldsskólanna á Akureyri, félagsmiðstöðva Akureyrar og fjölskyldudeildar Akureyrar. Tilgangur verkefnisins er að efla félagsþroska og styrkja einstaklinga á grunnskólastigi. Markmiðið er að skapa persónulegt samband milli grunnskólanema og framhaldsskólanema (sem eru eldri en 18 ára) undir leiðsögn fagaðila frá félagsmiðstöðvum Akureyrar. Verkefnið stendur frá miðjum október 2014 til loka apríl 2015.

Verkefnið felst í því að nemandi úr framhaldsskóla hittir nemanda úr grunnskóla á Akureyri í um það bil 2 klukkustundir á viku. Markmiðið er að auka virkni nemenda í grunnskólanum og efla félagstengsl.

### **5. - 6. bekkjarklúbbur:**

Einstaklingar valdir inn í samvinnu við námsráðgjafa grunnskóla með samþykki foreldra. Einstaklingarnir þurfa félagslegan stuðning og styrkingu. Unnið er með samskipti, kynning á fjölbreyttu tómsundastarfi með áherslu á þátttöku og virkni. Hefur mikið forvarnagildi upp á seinni tíma. Tilraunir með þetta hafa gengið vel en hópurinn er myndaður og búin til skipulögð dagskrá af umsjónarmanni.

**7. bekkjarklúbbur:**

Hugmyndin er alveg sú sama og með 5.-6. bekkjar hópinn og hér er einungis um aldursskiptingu að ræða.

**Búi - 13-16 ára:**

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvanna og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hugmyndin er að auka úrræði fyrir krakka á elsta stigi sem eru greind með einhverfu. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og markmiðið er að auka félagsleg tengsl og auka tómstundameðvitund og virkni. Til að skrá barn í þennan hóp þarf að senda inn beiðni á Jón Gest Helgason. Netfang: jonhelgi@akureyri.is

**Búi - 10-12 ára:**

Búa hópurinn er samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvanna og Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hugmyndin er að auka úrræði fyrir krakka á miðstigi sem eru greind með einhverfu. Í hópnum eru um 10 einstaklingar og markmiðið er að auka félagsleg tengsl og auka tómstundameðvitund og virkni. Til að skrá barn í þennan hóp þarf að senda inn beiðni á Jón Gest Helgason. Netfang: jonhelgi@akureyri.is

**Kjarnahópar - Stelpur og strákar**

Unnið með sértækan vanda